

Miðvikudaginn 12. nóvember 1997.

Nr. 451/1997.

Sveinn Trausti Guðmundsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

tollstjóranum í Reykjavík

(enginn)

Kærumál. Endurupptaka. Gjaldþrotaskipti. Birting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 31. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, sem tekin var til greina með úrskurði 10. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að endurupptaka málsins verði heimiluð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Málsaðilar deila ekki um, að sóknaraðili hafi 17. mars 1997 átt lögheimili að Skólavörðustíg 19 í Reykjavík.

Nokkur vitni komu fyrir dóm og báru um dvalarstað sóknaraðila þennan dag. Hálfbróðir sóknaraðila, Gísli Jakob Jóseppson, Fjarðarhorni í Hrútafirði, skýrði svo frá, að sóknaraðili hefði verið að vinna með sér að Fjarðarhorni við viðgerð á vinnuvél frá klukkan 9 til 20 mánudaginn 17. mars 1997 og klukkan 8 til 16 þriðjudaginn 18. sama mánaðar. Þessu til staðfestingar var lagt fram ljósrit úr dagbók, sem Gísli kvaðst hafa fært um vinnu á verkstæði sínu. Gísli bar og, að sóknaraðili hefði farið til Reykjavíkur síðdegis á þriðjudeginum.

Stjúpfaðir sóknaraðila, Jósep Rósinkarsson, Fjarðarhorni í Hrútafirði, kvað hann hafa verið þar 17. mars. Jósep bar einnig, að hann

hefði ekið sóknaraðila þaðan suður í Borgarnes síðdegis daginn eftir.

Eyjólfur Kolbeinn Vilhelmsson, Fögrubrekku í Hrútafirði, bar fyrir dómnum, að hann hefði séð sóknaraðila tilsýndar á Fjarðarhorni milli klukkan 16 og 17 17. mars 1997.

Barnsmóðir og fyrrverandi sambúðarkona sóknaraðila, Guðný A. Jónsdóttir, Bergstaðastræti 9 B í Reykjavík, skýrði svo frá, að hún hefði ekið honum frá Reykjavík norður í Hrútafjörð laugardaginn 15. mars 1997. Hefði hún dvalist þar fram á sunnudag, en þá farið aftur til Reykjavíkur. Guðný sagði, að sóknaraðili hefði ekki verið á Bergstaðastræti 9 B 17. mars 1997, en taldi sig vita, að hann hefði þá verið fyrir norðan. Ekki gat hún að öðru leyti borið um ferðir hans eða dvalarstað á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

II.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, liggur fyrir vottorð frá stefnuvotti þess efnis, að hann hafi klukkan 19.49 17. mars 1997 birt sóknaraðila sjálfum boðun til þinghalds að Bergstaðastræti 9 B í Reykjavík. Þegar litið er til afstöðu framangreindra vitna til sóknaraðila og annarra atriða, sem hafa ber í huga samkvæmt 59. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir ekki næg sönnun vera fram komin til að hnekkja greindu birtingarvottorði, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991. Verður þess vegna ekki talið, að skilyrði séu til endurupptöku málsins samkvæmt a-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 8. október sl.

Bú Sveins T. Guðmundssonar, kt. 030556-7049, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl sl., og var Pétur Örn Sverrisson hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu sama dag. Með bréfi, dagsettu 28. maí sl., var þess krafist af hálfu Sveins T. Guðmundssonar, að gjaldþrotamál sitt og gjaldþrotáúrskurður yrði endurupptekið og gjaldþrotáúrskurðurinn felldur úr gildi. Þá var krafist málskostnaðar að skað-

lausu og áskilinn réttur til miskabóta á hendur tollstjóranum í Reykjavík, m. a. vegna lánstraustsspjalla. Vísað var til ákvæða laga nr. 21/1991, sbr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu Sveins T. Guðmundssonar er endurupptökubeiðnin reist á því, að kvaðning til þinghalds vegna gjaldþrotaskiptakröfunnar hafi ekki verið birt fyrir sér sjálfum, eins og fram komi í birtingarvottorði því, sem liggur frammi í málinu. Af hálfu Sveins er því haldið fram, að hann hafi verið við vinnu í Hrutafirði, þegar birting átti að hafa farið fram 17. mars sl. Þá er á það bent, að Sveinn eigi lögheimili að Skólavörðustíg 19 í Reykjavík, en ekki að Bergstaðastræti 9 B, þar sem birt var samkvæmt fram lögðu birtingarvottorði.

Af hálfu tollstjórans í Reykjavík var kröfu um endurupptöku mótmælt. Því er haldið fram, að fram lagt birtingarvottorð sé opinbert vottorð, og því verði að treysta því, að Sveini hafi verið réttilega birt kvaðning til að sækja þinghald, þegar krafa um gjaldþrotaskipti var tekin fyrir. Engin óyggjandi vitni hafi komið fram um annað en það, sem fram komi í birtingarvottorði.

20. nóvember 1996 var að kröfu tollstjórans í Reykjavík gert fjárnám hjá Sveini T. Guðmundssyni, sem lokið var án árangurs með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Á grundvelli þess árangurslausa fjárnáms gerði tollstjórinn í Reykjavík kröfu um gjaldþrotaskipti á búi Sveins með bréfi, dagsettu 20. janúar sl., sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 22. janúar sl., og var úrskurður um gjaldþrotaskipti á búinu kveðinn upp hér í dómi 10. apríl sl., eins og áður sagði.

Boðun til þinghalds 2. apríl sl., þegar framangreind krafa um gjaldþrotaskipti var tekin fyrir, var samkvæmt fram lögðu birtingarvottorði Odds Malmbergs stefnuvotts birt að Bergstaðastræti 9 B í Reykjavík fyrir Sveini T. Guðmundssyni sjálfum kl. 19.49 17. mars sl. Oddur Malmberg stefnuvottur kom fyrir dóminn og staðfesti birtingarvottorðið að efni til.

Fyrir dóminn hafa verið lagðar skriflegar skýrslur sex manna um ferðir Sveins T. Guðmundssonar 17. mars sl. og dagana þar í kring. Fimm þeirra staðfestu skýrslur sínar fyrir dómnum, en auk þeirra voru leidd þrjú önnur vitni. Þessar skýrslur þykja þó ekki veita óyggjandi vissu fyrir því, hvar Sveinn var á birtingartímanum, og þykir því ekki það komið fram, sem hnekk geti hinu opinbera vottorði stefnuvotts, sem liggur frammi í málinu og vísað var til við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Verður því að telja, að meðferð málsins fram að uppkvaðningu gjaldþrotaurskurðar hafi verið í samræmi við ákvæði 69. gr. laga nr. 21/1991.

Í XII. kafla laga nr. 21/1991 er að finna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta, en þær bera með sér, að úrskurður um töku bús til gjald-

Þrotaskipta hefur veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni þegar eftir uppkvaðningu. Ákvæði 154. gr. sömu laga segja fyrir um, að þrotamaður geti fengið eignir búsins afhentar á nýjan leik eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, sem lýst hafa kröfum í þrotabúið. Ekkert er fram komið í máli þessu, sem leitt gæti til endurupptöku málsins, eins og það horfir við. Þá verður ekki talið, að tilvísun Sveins T. Guðmundssonar til 137. gr. laga nr. 91/1991 eigi við hér.

Með vísan til alls framanritaðs verður því að hafna fram kominni kröfu Sveins T. Guðmundssonar um endurupptöku gjaldþrotamálsins nr. G-134/1997. Málskostnaðarkröfu hans er einnig hafnað.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Sveins T. Guðmundssonar um endurupptöku gjaldþrotamálsins nr. G-134/1997 er hafnað.

Málskostnaðarkröfu er hafnað.
